

Íslenska

kennslubók í málvísi og ljóðlist

(Gorma)

e. Jón Norland og Gunnlaug V. Snævarr

Hljóðfræði

- hljóðbreytingar -

Hljóðbreytingar

(Gorma bls. 117-118)

- Helstu sérhljóðabreytingar í íslensku eru **i-hljóðvarp**, **u-hljóðvarp**, **klofning** og **hljóðskipti**.

Hljóðvarp

- **Hljóðvarp** kallast það þegar sérhljóð breytist í annað fyrir áhrif frá hinu þriðja.
- Það hljóð sem tekur breytingu (*frumhljóðið*) er í raun að aðlagast að hljóðinu sem breytingunni veldur (*hljóðvarps-valdinum*).

i-hljóðvörp

Helstu **i-hljóðvörp** eru:

- a → e (vanur – venja)
- á → æ (þráður – þræðir)
- ó → æ (fórum – færi)
- e → i (verð – virði)
- u → y (þunnur – þynnri)
- ju → y (bjuggum – byggi)
- ú → ý (hús – hýsa)
- jó → ý (ljós – lýsa)
- jú → ý (djúpur – dýpi)
- au → ey (hraustur – hreysti)
- o → y (sorg – syrgja)

u-hljóðvörp

U-hljóðvörp eru m.a.:

- a → ö (kalla – köllum)
- a → u (sumar – sumur)

Klofning

- **Klofning** líkist hljóðvörpum að því leyti að sérhljóð hefur breyst í annað fyrir áhrif frá hinu þriðja.
- Með klofningu breytist **e** í **ja** eða **jö** fyrir áhrif frá **a** eða **u** síðar í orðinu: **Berg** → **bjarg**, **fell** → **fjöll**
- Klofningarvaldarnir eru víða horfnir í íslensku (a og u).

Hljóðskipti

- **Hljóðskipti** eru algengust í kennimyndum sterkra sagna. Þá skiptast á sérhljóð í áhersluatkvæðum. Hljóðskiptaflokkarnir eru sjö að tölu.

1.	í líta	ei leit	i litum	i litið
2.	jó, jú, ú bjóða fljúga súpa	au bauð flaug saup	u buðum flugum supum	o boðið flogið sopið

Hljóðskipti – frh.

3.	e, i bresta finna	a brast fann	u brustum fundum	o, u brostið fundið
4.	e, o nema sofa	a nam svaf	á námum sváfum	u, o numið sofið
5.	e, i gefa sitja	a gaf sat	á gáfum sátum	e gefið setið
6.	a fara taka	ó fór tók	ó fórum tókum	a, e farið tekið
7.	á glápa rámur	ó glópur rómur		